

Ed.

95. Rökstudd dagskrá

feld í Ed. 22. júlí.

(Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið á þgskj. 41).

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Með því að deildin telur íhlutunartilraun danskra stjórnarvalda um íslensk mál á ríkisráðsfundi 19. júní 1915, er stjórnarskráin var staðfest og útgefinn konungsráðsúrskurður um uppburð íslenskra mála í ríkisráði, skýrt og ótvírætt mótmælt af Íslandsráðherra á þeim fundi, en Danir þektu umboð hans, sem fólst í fyrirvara Alþingis 1914, og þannig kröfur Alþingis í þessu efni, sem þingið heldur fast við, þá lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.